



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 22. nóvember 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 113 mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Tillaga þessi er endurflutt, en á 152. löggjafarþingi (267. mál) kom eftirfarandi fram í umsögn umboðsmanns barna:

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum en þar er lagt til að Alþingi álykti að fela mennta- og barnamálaráðherra að setja fram áætlun um hvernig tryggja megi að í grunn- og framhaldsskólum starfi félagsráðgjafar sem nemendur geti leitað til. Fram kemur að markmið tillögunnar sé m.a. að tryggja að nemendum standi til boða þjónusta félagsráðgjafa óháð stærð skóla en annað markmið er að félagsráðgjafar geti veitt kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki skóla aðstoð við að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á nám og líðan nemenda. Í tillögunni er á það bent að sú reynsla sem börn fá í skóla geti haft jákvæð og langvarandi áhrif á félagslega velferð þeirra og því sé mikilvægt að líta á skólann sem lykilþátt við forvarnir og stuðningsúrræði við börn. Í því samhengi eru nefnd börn sem standa frammi fyrir áföllum í fjölskyldum sínum svo sem vegna skilnaðar eða andláts, börn sem búa við vanrækslu og ofbeldi og börn sem búa við fátækt.

Umboðsmaður barna hefur á síðustu árum ítrekað komið á framfæri áhyggjum af stöðu íslenskra nemenda í grunn- og framhaldsskólum, en þær áhyggjur hafa t.a.m. snúið að skólaforðun og vaxandi andlegri vanheilsu íslenskra barna. Þá hefur umboðsmaður barna ítrekað komið því á framfæri að réttur barna í skólastarfi til þátttöku og áhrifa sé ekki virtur, en

kveðið er á um þann rétt í 12. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Umboðsmaður barna fagnar því að tillagan geri ráð fyrir því að virkt samráð verði haft við börn og ungmenni við mótun verkefnisins.

Félagsráðgjafar starfa með heildarsýn á einstaklinginn að leiðarljósi, búa yfir mikilvægri þekkingu á þeim samfélagslegu stuðningskerfum og úrræðum sem nýta má í þjónustu við börn og hafa innsýn í líðan, þarfir og félagslegar aðstæður barna. Með hliðsjón af því tekur umboðsmaður barna undir markmið tillögunnar og mælir með samþykkt hennar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Guðríður Bolladóttir". The signature is fluid and cursive, with the first name "Guðríður" and the last name "Bolladóttir" clearly distinguishable.

Guðríður Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna